



JAFNRÆÐI • JÁKVÆÐNI
TRAUST • VIRÐING

Pistill sveitarstjóra

Þorsteinn Gunnarsson

Skútustaðahreppur

23. ágúst 2018 – Pistill nr. 38

Sælir og blessaðir kæru Mývetningar um land allt. Sumarið hefur verið viðburðaríkt að vanda í Mývatnssveit. Hér hefur verið óvenju mikið um ýmiss konar framkvæmdir og menningin og frístundastarfið hefur blómstrað sem aldrei fyrr. Af samtölum við ferðaþjónustuaðila að dæma bera þeir sig nokkuð vel, vísbendingar eru um að sumarið hafi verið svipað og í fyrra og haustið og veturinn lítur nokkuð vel út. Reykjahlíðarskóli verður settur á mánudaginn, réttir eru í byrjun september og fram undan eru spennandi verkefni á vettvangi sveitarfélagsins. Fyrsti sveitarstjórnarfundurinn eftir sumarfrí var í gæmorgun og voru hvorki fleiri né færri en 29 mál á dagskrá!



Sveitarstjóri og Helgi Héðinsson oddviti.

Skrifað undir nýjan ráðningasamning

Í framhaldi af síðasta fundi sveitarstjórnar fyrir sumarfrí var gengið frá ráðningu undirritaðs sem

sveitarstjóra Skútustaðahrepps á því kjörtímabili sem er nýhafið. Ég er afar þakklátur fyrir það traust sem mér er sýnt af þeim flokkum sem mynda sveitarstjórn Skútustaðahrepps og hlakka til komandi kjörtímabils og áframhaldandi uppbyggingar sem hér er fram undan. Ég var ráðinn um mitt síðasta kjörtímabil hingað í Mývatnssveit og þessi tvö ár sem ég hef starfað hér hafa verið viðburðarík og skemmtileg. Góð kynni af fólki, frábæru samstarfsfólki og krefjandi verkefni ásamt stórbrotinni náttúru hefur heillað mig og hlakka ég til áframhaldsins.



Malbikunarframkvæmdir á lokastigi

Í sumar hafa staðið yfir miklar malbikunarframkvæmdir í Reykjahlíðarþorpinu. Slíkar framkvæmdir hafa talsvert rask í för með sér en vonandi verða allir sáttir þegar framkvæmdum lýkur. Hlíðavegur og Klappahraun voru malbikaðar ásamt gangstéttum en lokafrágangur verður í næstu viku. Í kjölfarið verður tyrft við gagnstéttir og þá verða málaðar gangbrautir og miðlínur. Seinna í haust verður

jafnframt unnið að gatnagerðarframkvæmdum við Reykjahlíðarskóla.

Umferðarhraði mælist of mikill í Reykjahlíð

Á fundi sveitarstjórnar var lagt fram minnisblað frá skipulagsfulltrúa þar sem farið var yfir niðurstöður í umferðamælingu sem framkvæmd var í þéttbýlinu Reykjahlíð dagana 26. júlí 2018 til 9. ágúst 2018. Umferðagreinir var settur upp annars vegar á Múlavegi og hins vegar á Hlíðavegi og umferð mæld í um viku tíma á hvorum stað. Niðurstöður sýna að hraði í þéttbýlinu er of mikill en hámarkshraði er 50. Þrír ökumenn mældust t.d. á um 90 km hraða sem er alveg glórulaust. Sveitarstjórn tekur undir bókun skipulagsnefndar að grípa þurfi til aðgerða til að draga úr umferðarhraða í þéttbýlinu og felur sveitarstjóra og skipulagsfulltrúa að vinna að úrbótum. Verður gripið fljótt til nauðsynlegra aðgerða og verða þær kynntar fljótlega.



Frá ferð eldri Mývetninga í lok maí.

Félagsstarf eldri Mývetninga

Óhætt er að segja að félagsstarf eldri Mývetninga hafi blómstrað á síðasta starfsári undir stjórn Þórdísar Jónsdóttur og Ástu Price en þær verða báðar áfram næsta vetur. Í tilefni af síðustu samverustund vetrarins fóru eldri Mývetningar í lok maí í skemmtilega ferð til Akureyrar og í Eyjafjarðarsveit. Var komið víða við eins og t.d. í safninu Norðurslóðum, garðyrkjustöðinni Grísá, á Glerártorgi og borðað á Greifanum og á Hótel Icelandair. Var ferðin frábær í alla staði. Vetrarstarfið verður svo auglýst um mánaðarmótin og vonandi verða sem flestir með næsta vetur. Líkt

og síðasta vetur verður boðið upp á ókeypis akstur og auka leikfimitímar verða einnig í boði.



Frá fundi um miðhálandisþjóðgarð síðasta föstudag.

Fundað um miðhálandisþjóðgarð

Síðasta föstudag stóð nefnd sem vinnur að tillögum um þjóðgarð á miðhálandinu fyrir fundi með sveitarstjórnarfulltrúum á Norðurlandi eystra. Sveitarstjóri fór ásamt Elísabetu Sigurðardóttur og Ölmú Dröfn Benediktsdóttur. Fundurinn var fróðlegur í alla stað og ljóst að þverpólitísk samstaða virðist ríkja um slíkan þjóðgarð. Undirritaður lagði áherslu á að stjórnskipulag þjóðgarðsins yrði skýrt þar sem aðkoma sveitarfélaganna yrði tryggð og að fjármagn frá ríkisvaldinu fylgdi þessu stóra verkefni sem væri grunnforsenda þess að vel til tækist.

Skýrsla um leikskólann YI

Á fundi sveitarstjórnar var lögð fram skýrsla og tillögur um aðstöðu, stjórnun og starfsemi leikskólans YIs, frá Huldu Jóhannsdóttur ráðgjafa. Hún skoðaði skólann, veitti ráðgjöf, hitti leikskólastjóra og hélt námskeið fyrir starfsfólk. Í skýrslunni er m.a. fjallað aðstöðu leikskólastjóra og starfsfólks sem þarf að bæta verulega. Sveitarstjórn þakkar Huldu fyrir greinargóða skýrslu og vísar úrbótum til gerðar fjárhagsáætlunar.

Samið við Íslandsbanka og Sparisjóðinn

Á fundi sveitarstjórnar í gærmorgun var tekið fyrir mál frá síðasta fundi þar sem samþykkt var að leitað yrði tilboða til þriggja fjármálastofnana um

fjárvörslu þar sem markmiðið er að hámarka ávöxtun án þess að taka áhættu með fjármuni sveitarfélagsins þar sem um fjórðungur af söluhagnaðinum á hlut sveitarfélagsins í Jarðböðunum fari í varasjóð.

Tilboð bárust frá þremur fjármálastofnunum, Íslandsbanka, Kvikú fjárfestingabanka og Sparisjóði Suður-Þingeyinga.

Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að ganga til samninga við Sparisjóðinn og Íslandsbanka á grundvelli fyrirbyggjandi tilboða, sem er í samræmi við minnisblað sveitarstjóra og oddvita sem samþykkt var á síðasta sveitarstjórnarfundinum þar sem lagt var til að fjármagnið yrði sett á innlánsreikninga og í fjárvörslu á a.m.k. tveimur fjármálastofnunum til að dreifa áhættu og sjá samanburð á ávöxtun.

Samþykkt um fráveitu í umsagnarferli

Drög að samþykkt um fráveitu var lögð fram til fyrri umræðu sveitarstjórnar í gærmorgun. Samþykkt þessi gildir um fráveitu í Skútustaðahreppi eins og hún er skilgreind í 3. tl. 3. gr. laga nr. 9/2009, um uppbyggingu og rekstur fráveitna, og nær til allra fasteigna, íbúðarhúsnæðis, sumarhúsa, stofnana og atvinnustarfsemi í sveitarfélaginu. Markmið samþykktar þessarar er að skýra skyldur sveitarfélagsins og notenda hvað varðar fráveitumál og fráveituframkvæmdir, tryggja uppbyggingu og starfrækslu fráveitna þannig að frárennsli valdi sem minnstum óæskilegum áhrifum á umhverfið, skýra réttindi og skyldur eigenda og notenda fráveitna og stuðla að hagkvæmni í uppbyggingu og starfrækslu fráveitna. Samþykktinni er einnig ætlað að ná utan um nýja lausn á fráveitumálum í Mývatnssveit sem er aðskilnaður svartvatns og grávatns þar sem svartvatn er nýtt til uppgræðslu á Hólasandi. Sveitarstjórn samþykkti samhljóða að vísa samþykktinni til síðari umræðu sveitarstjórnar. Í millitíðinni er samþykktinni vísað til umsagnar umhverfisnefndar og skipulagsnefndar ásamt fráveituhópi og fari jafnframt í opinbert umsagnarferli í sveitarfélaginu.

Áfram ókeypisskólanámsgögn og frístund

Líkt og fyrir síðasta skólaár mun sveitarfélagið Skútustaðahreppur veita öllum grunnskólanemendum ókeypis námsgögn fyrir næsta skólaár. Þetta var samþykkt af sveitarstjórn Skútustaðahrepps í fyrrahaust við gerð fjárhagsáætlunar fyrir þetta ár. Því verða engir innkaupalistar gefnir út á þessu hausti og munu nemendur fá þau skólagögn sem þeir þurfa þegar þeir mæta til starfa 27. ágúst n.k. Nemendur þurfa því eingöngu að taka með sér skólatöskuna og pennaveski fyrsta skóladaginn. Þá er rétt að taka fram að frístundastarf í Reykjahlíðarskóla, fyrir 1.-6. bekk, verður með svipuðum hætti á næsta skólaári enda tókst það vel síðasta vetur. Þessi þjónusta mun verða gjaldfrjálsgögn og skólastjóri mun stýra verkefninu. Starfsfólk á vegum grunnskólans heldur utan um frístundastarfið, m.a. í samstarfi við Mývetning. Skrá þarf börnin í frístundastarfið til þess að geta skipulagt starfsmannahald. Athugið að þetta er áfram þróunarverkefni sem endurskoðað verður reglulega.



Aðalbjörg með vaskri sveit göngugarpa sem gengu á Hverfell (fjall) í sumar.

Skemmtileg Sumardagskrá Mývetnings

Í sumar stóð Mývetningur fyrir glæsilegri sumardagskrá fyrir grunnskólaaldur, útileikfimi fyrir elsta stig leikskóla og eldri borgara, fullorðinsþrek og mánudagsgöngur. Aðalbjörg Birgisdóttir nemi í sjúkrahjálfun var ráðin af Mývetningi til að stýra sumardagskránni og er óhætt að segja að þetta hafi slegið í gegn. Þátttaka var prýðis góð, sérstaklega hjá grunnskólaaldrinum og mikil ánægja hvernig til tókst. Kærar þakkir Mývetningur og Aðalbjörg fyrir sumarið.

Norðurlands-Jakinn í Mývatnssveit

Aflraunamótið Norðurlandsjakinn verður haldið um helgina og fara tvær síðustu greinarnar fram í Mývatnssveit, nánar tiltekið hjá Dimmuborgum. Aflraunamenn munu etja kappi við hrikalegar aflraunir. Keppnin verður tekin upp fyrir sjónvarp en hún er á vegum Magnúsar Vers Magnússonar kraftakappa. Þeir sem vilja koma og fylgjast með keppninni og kraftajötnunum eru hvattir til að mæta í Dimmuborgir næsta laugardag kl. 12:00. Mývatnsstofa aðstoðar við skipulag Norðurlands-Jakans í Mývatnssveit.

Vel heppnað hreinsunarátak

Í vor og sumar var farið í mikið hreinsunarátak þar sem brotajárni, bílhraejum og timbri var safnað saman ábúendum að kostnaðarlausu. Mæltist þetta áttak vel fyrir og sá Sigurður Kristjánsson bifreiðastjóri á Stöng að sér að fara á býli og víðar um sveitina til þess að hirða draslið. Óhætt er að segja að ábúendur hafi nýtt tækifærið vel því tugi tonna voru hreinsaðir.



Mývetningur bikarmeistari annað árið í röð

FC Mývetningur varð bikarmeistari Kjarnafæðideildarinnar 2018 eftir sigur á Æskunni í úrslitaleik í Boganum, 2-0. Liðinu tókst þar með að verja bikarmeistaratitilinn og vinna keppnina annað árið í röð með glæsibrag. Til hamingju drengir.

Vetraropnun í Íþróttamiðstöð – Lykilkortið lengir opnunartímann

Frá og með 1. september n.k. tekur vetraropnun gildi í Íþróttamiðstöð Skútustaðahrepps.

Vetraropnun 2018-2019:

Mánudaga - fimmtudaga frá kl. 9:00 til 20:00 (opið í hádeginu)

Föstudaga lokað

Laugardaga frá kl. 10 - 16.

Sunnudaga lokað.

Dagskrá og tímatafla vetrarins auglýst síðar.

Þeir sem hafa LYKILKORT hafa aðgang að ræktinni frá kl. 5.30 til miðnættis:

Hæg er að kaupa LYKILKORT til þess að komast í líkamsræktina utan hefðbundins opnunartíma (líka á föstudögum og sunnudögum).

Lykilkortið veitir aðgang að líkamsræktinni frá kl.

5.30 á morgnana og til kl. 23.00 (hægt að vera í

ræktinni til miðnættis) alla daga vikunnar. Með

þessu móti er vinnandi fólk, ekki síst þeim sem eru

í vaktavinnu, gert auðveldara að sinna líkamsrækt

áður en vinna hefst eða að loknum vinnudegi.

Lykilkortið kostar 3.000 kr. en þegar korti er skilað

aftur fást 2.000 kr. endurgreiddar.

HRÓS DAGSINS...

Fær Sigurður Kristjánsson bifreiðastjóri á Stöng fyrir hreinsunarátakið í Mývatnssveit í sumar sem hann stýrði með glæsibrag.

Ýmislegt

Að vanda hef ég sótt ýmsa fundi og ráðstefnur að undanförmu, m.a. með skipulagsnefnd, forstöðumönnum, vegna miðhálandisþjóðgarðs o.fl. Ætlunin er að pistill sveitarstjóra birtist tvisvar í mánuði, í kjölfar sveitarstjórnarfunda. Tilgangurinn er að efla upplýsingastreymi sveitarstjórnar.

Sveitarstjórapistillinn er sendur út í tölvupósti, í pósti og birtur á heimasíðu sveitarfélagsins.

Bestu kveðjur

Þorsteinn Gunnarsson, sveitarstjóri